



## Körfuknattleiksdeild Vestra

Ísafirði 3. mars 2022

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar  
b.t. Daníels Jakobssonar, formanns  
Stjórnsýsluhúsinu

Aðalstjórn Körfuknattleiksdeildar Vestra og Barna- og unglingaráð Körfuknattleiksdeildar Vestra hafa undanfarin tvö ár þurft að glíma við afar erfitt rekstrarumhverfi sem að mestu má rekja til þess ástands sem ríkt hefur í samfélaginu af völdum COVID-19.

Á þessum rúmu tveimur árum hefur smátt og smátt fjarað undan rekstri deildarinnar og er nú svo komið að rekstrarstaða deildarinnar er orðin afar slæm. Ef við yfirfærum þetta á viðbúnaðarstig Almannavarna, sem landsmönnum er illu heilli orðið tamt, má segja að við séum á hættu stigi og við það að fara yfir á neyðarstig.

Vísað er til bréfs Kkd. Vestra til bæjarráðs þann 19. ágúst 2020 þar sem farið er yfir helstu tekjupósta sem tapast hafa. Öll atriðin sem þar koma fram hafa einnig fallið niður á þeim tíma sem liðin er frá ritun þess bréfs.

Af þessum sökum leitum við til sveitarfélagsins í þeirri von að það sé tilbúið að stiga inn og forða því að áratuga starfi einnar af einkennisíþróttum Ísafjarðarbæjar sé stefnt í voða.

Við óskum eftir fundi með bæjarráði til að fara nánar yfir stöðuna og upplýsa um betur um ástandið og ræða tillögur okkar.

Ingólfur Þorleifsson, formaður Kkd. Vestra

Þórir Guðmundsson, formaður Barna- og unglingaráðs Kkd. Vestra